



2. bekkur - Námsgrein: ÍÞRÓTTIR - Kennari: Orri Erlingsson - Tíma fjöldi: 1 á viku

Námsgögn: Klæðnaður og skóbúnaður þannig að það sé þægilegt að hreyfa sig. Vera búin undir útiveru í allskonar veðri.

Lykilhæfni:

Grunnþættir:

Samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla eru grunnþættir menntunar sex. Unnið er með alla þessa þætti, en þó mismikið eftir árgöngum: *læsi, sjálfbærni, lýðræði og mannréttindi, jafnrétti, heilbrigði og velferð, sköpun*. Sjá nánar í skólanámskrá Landakotsskóla.

Lokanámsmat í samræmi við hæfniviðmið aðalnámskrár.

Í Landakotsskóla er leitast við að námsmat sé leiðbeinandi og nái utan um fjölbreytta hæfni nemenda. Í megindráttum er endurgjöf og námsmat til nemenda með tvenns konar hætti:

- *í formi óformlegs námsmats í gegnum samtal, hvatningu og leiðsögn í kennslustundum sem byggt er á skýrum markmiðum sem eru nemendum ljós.*
- *með formlegri hætti með ólíkum verkefnum sem nemandi vinnur ýmist í skólanum eða sem heimaverkefni. Nemendur sýna hæfni sína með ritgerðum, kynningum, munnlegum, verklegum eða skriflegum prófum, leikþáttum, stuttmyndum, framsöguverkefnum myndverkum eða dansverkum þar sem styrkleikar nemenda geta notið sín. Í þessum verkefnum fá nemendur formlegri endurgjöf sem getur verið í formi einkunnarorða, bókstafa, prósentutölu, stigagjafar eða umsagnar. Nemendur vinna einnig sjálfsmat og jafningjamat með sambærilegum hætti. Námsmatið er grundvallað á þeim hæfniviðmiðum sem unnir er með hverju sinni.*



Hæfniviðmiðin eru sá grundvöllur sem náms- og kennsluaðferðir og námsmat byggjast á.

- *Hæfniviðmiðin skýra fyrir nemendum til hvers er ætlast af þeim og leiðbeina við námið, hvetja og auka skilning á tilgangi námsins.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að gera sér skýra grein fyrir því hvað það er sem þeir vilja að nemendur nái tökum á varðandi þekkingu og leikni.*
- *Hæfniviðmiðin hjálpa kennurum að velja hentugar kennsluaðferðir og skilgreina hvernig meta skuli árangur og hvort tiltekinni hæfni sé náð.*

Námsþættir	Hæfniviðmið	Náms- og kennsluaðferðir	Námsmat
	Gert æfingar sem reyna á þol.	Unnið með æfingar sem reyna á þol gegnum fjölbreytta leiki. Þrautabrautir og æfingar.	Símat
	Gert einfaldar mælingar og talningar í leikjum	Allskonar hópleikir leikir sem reyna á og þjálfar færni. Einstaklingsæfingar í hoppum og hlaupum of fl. þar sem nemendur mæla og telja.	Símat
	Sýnt einfaldar hreyfingar sem reyna á lipurð og samhæfingu.	Hreyfifærni þjálfuð í gegnum leiki og sértækar æfingar Kennari með innlögn hvernig tæknilega eigi að ná hreyfingu fram.	Símat
	Tekið þátt í útivist og búið sig til útiveru með tilliti til veðurs. Ratað um skólahverfi sitt og þekkt göngu- og hjólaleiðir nærumhverfis	Gönguferðir og þátttaka í leikjum og hreyfingu á skólalóð og hverfinu.	Símat



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

	Skilið skipulagshugtök í skólaíþróttum og farið eftir leikreglum	Innlögn frá kennara þar sem farið er yfir hugtök og reglur. Lærst með endurtekningu	Símat
	Farið eftir öryggis-, skipulags og umgengnisreglum sundstaða og skólalóðar og brugðist við óhöppum.	Síendurtekin innlögn frá kennara	Símat

Kennsla í íþróttum og útvíst fer fram á skólalóð og í nærumhverfi að hausti og vori. Yfir vetrarmánuði fer kennsla fram í íþróttahúsi KR. Leikir eru þungamiðja í kennslu vetrarins. Aðalmarkmið kennslunnar er að virkja hreyfipörf nemenda, efla skynfæri líkamans og styrkja fín- og grófhreyfingar. Efla félagsþroska nemenda í formi leikja og samvinnu.

KR íþróttir reglur

- Starfsmaður fylgir nemendur milli KR og skóla. Starfsmaður setur reglur sem nemendur fara eftir.
- Nemendur fara ekki inn í sal fyrr en kennari gefur leyfi. Á meðan bíða nemendur í búningsklefa.
- Nemendur mæta í íþróttafötum og íþróttaskóm í kennslustundir
- Farsímar eru ekki leyfilegir í kennslustundum
- Tyggjó er bannað
- Geti nemandi ekki tekið fullan þátt í íþróttatíma vegna meiðsla er ætlast til að aðstandendur hafi samband við skrifstofu skólans eða beint við íþróttakennara. Ef nemandi getur ekki tekið þátt í íþróttum til lengri tíma þarf að skila inn vottorði á skrifstofu skólans.



Náms- og kennsluáætlun

Skólaárið 2021-2022

Áskilinn er réttur til breytinga á áætlun og námsmati.